



## VIÐ GRÖF NAPÓLEONS

(1910)

### I.

Pó að það væri Loðvík XIV., sem stofnaði til „Hotel des Invalides“, þá er það þó miklu fremur nafn Napóleons, sem yfirskyggir, — nei, lýsir yfir, ætlaði ég að segja, höllinni, þar sem ætlaður er bústaður frönskum uppgjafahermönnum, ef þess þykja verðir.

Í kirkjunni er gröf Napóleons mikla, eða réttara sagt, hann býr þar dauður; þessi glæsilega kirkja er umgjörð utan um kistu keisarans. Í víðri steinþró stendur stór kista úr fægðum, rauðum graníti, og eru þar geymdar leifar þessa furðulegasta afreksmanns einhvers, sem verið hefir, þessa manns, sem var svo djöfullega duglegur, að fjórar milljónir manna biðu bana af hans völdum.

Það er mannkæmt þarna í kirkjunni, og svona kvað það vera dag eftir dag og ár eftir ár; og þögull mannfjöldinn horfir hugsandi á þessa kistu, þar sem nú liggar svo kyrr sá, sem mesta ókyrrð hefir vakið í heiminum, allra dauðlegra manna.

Ljósið skín gult og blátt inn um glugga hátt uppi og á Krist á krossinum við gröf milljónamorðingjans, og hafa víst ekki til verið ólíkari menn.

Yfir gröfinni standa þessi orð Napóleons: „Je desire que mes cendres reposent sur les bords de la Seine au milieu de ce peuple Français que j'ai tant aimé“ (ég æski þess, að aska míni hvíli á Signubökkum, hjá frönsku þjóðinni, sem ég hefi elskat svo mjög).

Undarleg ást hefir það verið vissulega — ef orðin eru ekki

tóm hrænsi — og minnir á ást veiðimannsins á dýrunum, sem hann getur ekki séð á landi, sjó eða í lofti, án þess að sýna þeim banatilræði.

Vissulega er Napóleon einhver sa undarlegasti maður, sem lifað hefir, og óskiljanlegt, að annað eins afl til framkvæmda skyldi geta verið í einum mannsbúki, og honum litlum. Líklega hefir ekkert annað vakað fyrir Napóleon en hans eigin upphefð; aðrir menn voru honum aðeins verkfæri, sem hann vílaði ekki fyrir sér að láta slátra þúsundum saman, til að koma fram vilja sínum. Menn sa hann í gegnum og kunni að meta betur en flestir aðrir, það er að segja, það gagn eða ógagn, sem hann gæti af þeim haft. En þó skauzt honum stundum illa, eins og þegar hann hafnaði Robert Fulton og eimskipi hans.

Undarlegt virðist það, að fáir menn hafa verið eins elskaðir af mönnum sínum eins og þetta smávaxna mikilmenni, er svo mörgum kom í hel og bakaði óumræðilegar hörmungar. Hann kom hreyfingu á tilfinningar manna og breytingu á hugina; deyfðarmók var óhugsandi með honum; það hefir tengt hugina við hann, og svo þetta afl andans.

Sumir af hinum svonefndu ágætismönnum sögunnar, — eins og líklega Gladstone t. a. m., — hafa miklu fremur leikið mikilmenni en verið það í raun réttri. En Napóleon var eigi aðeins þessi ódæma afreksmaður, heldur einnig framúrskarandi leikari, þegar honum þótti það við eiga, og mátti segja um hann öfugt við orð Njálu um Þórhall Ásgrímsson, að hann gat verið skapstilltur og þó orðbráður. Og svo mikill sem hann var af sjálffum sér, þá kunni hann manna bezt að meta gildi þeirrar ytri viðhafnar, sem einkum Loðvík XIV. hafði látið hinni æðstu tign í arf, og eigi aðeins var keisari, heldur og lék keisara, og var í því ólíkur Ágústus, sem var keisari, en lék rómverskan borgara og ræðismann.

Napóleon hefir verið mjög fríður maður sýnum, en einhver grimmdarleg ró og fyrirlitning er í svip hans. Virtist mér ótvíræð líking með Napóleon og mynd af Neró í Louvre-safninu, þó að svipur Napóleons sé mikilúðlegri. Neró var líka leikari, og eigi eirinn í leiknum, eins og Napóleon, en hefir þrátt fyrir sína um aldirnar alræmdu grimmd ekki orðið líkt því eins mörgum að bana, eins og hann.

Það verður ekki hjá því komizt, að dást að Napóleon, en nokkuð líkt og að tígrisdýri. Og aðdáanlegri er Július Cæsar. Er það annars skrýtið, að þeir tveir menn, — tvö frægustu nöfn sögunnar einhver — sem mest áhrif hafa haft á Frakkland, skuli báðir hafa verið Ítalir.

Cæsar hefir ekki verið Napóleon síðri að viljaþreki og framkvæmdarviti, en hann var vístmannúðlegri, óheiftræknari og svo einn af fremstu rithöfundum síns tíma, á tindi menningarinnar í öllum greinum, vinur vínsinda og lista. Þar var Napóleon í samanburði við Cæsar lítið annað en ómenntaður uppskafningur.

Og gæfumaður var Cæsar meiri en Napóleon. Hann fékk þann dauðdaga, er hann hafði kosið sér, skjótan og óvæntan; en forlög Napóleons voru lík og Prómeþeifs jötuns: að vera fjötræður á eyðiklett, þar sem jötun afl hans varð einungis til að auka honum kvalir. Hudson Lowe var eins þrálátur á að pína Napóleon, eins og örnninn Prómeþeif, og enginn Herakles kom honum til bjargar.

Annars er Napóleon sýndur of mikill sómi með því, að líkja honum við Prómeþeif. Þó að ekkert væri annað eftir af heiðri Forn-Grikkja en sagan um Prómeþeif, þá væri það nóg til að sýna, að þeir hafa verið gáfaðasta þjóð heimsins. Prómeþeifur er framsóknarandi mannanna, sem hefir sótt eldinn af himnum, afl eldingarinnar, og sem á endanum mun breyta þessum „eymadal“ í leikvöll hins glaða og góðsterka mannkyns. Lengi var þessi andi fjötraður, en nú fer hann laus og vonandi til fullkomins sigurs, þó lamaður sé enn og eftir sig.

## II.

Hvergi verður manni fremur en við gröf Napóleons að minnast þess, hvernig hver vera lætur eftir sig a. m. k. tvenns konar leifar. Steinkistan fægða geymir það, sem eftir er af þessum litla líkama, er átti svo jötunvaxinn valdvilja. En annars vegar eru menjar þessa valdvilja, sjálf þessi dýrindiskista og kirkjan, sú helgitign, sem er yfir þessum stað, svo að gestur af öðrum betri hnerti gæti haldið, að þarna hvíldi einhver af velgjörðamönnum

jarðarbyggja, en ekki einhver hinn mesti spellvirki. Og menjar Napóleons eru alls staðar í París, um allt Frakkland, alla Evrópu og víðar. Aðeins eitt skal nefnt. Hversu margt væri ekki öðruvísi, ef allir þeir hefðu sóttduðir orðið, sem féllu fyrir örlög fram í styrjöldum þeim, er hann vakti.

En afleiðing Napóleons mikla var annað keisaradæmið, Napóleons þriðja, sem rangnefndur hefir verið hinn litli, og svo hrundið mikla og keisaradaemið þýzka. Þar hafði Napóleon unnið í hendurnar á Bismarck.

Vér undrumst, hversu frábært viljaþrek og framkvæmdarþrek gat gert að verkum, að þessi eini maður fékk vald á forlögu um svo ótal margra; vér undrumst það afl til framkvæmda, sem í einum manni getur búið, er vér virðum fyrir oss Napóleon, fremur en flesta aðra. En jafnframt er saga hans vel fallin til að sýna oss, hvernig jafnvel annar eins jötunvilji er ástæðum háður, hversu djúpt og vítt standa rætur að öllum viðburðum, hversu mannkynið minnir á kórallasmíð, þar sem óteljandi hafa að unnið.

Napóleon hefði ekki orðið þessi heimsviðburður, sem hann varð, hefði ekki — svo að ég stikli aðeins á því stærsta — Loðvík XIV. verið búinn að vinna í hendurnar á honum, með því að gerast þessi valdasól, sem allt í ríkinu snerist um; og hefði ekki enn fremur veitt honum í vil með því, að í ragnarökkrí stjórnarþbytingarinnar hafði úlfur uppreistarinnar gleypit valdasól konungdómsins og skilið þar eftir autt og ófyllt sæti. En stjórnarþbytingin sjálf hefði aldrei orðið, hefði hin nýja upplýsing og heimspeki ekki víkkað sjóndeildarhringinn og kennt mönnum að hugsa og brjótast um, þar sem þeir áður höfðu trúað og þolað.

Á dögum Loðvíks XIV. hefði Napóleon líklega orðið frægur hershöfðingi eða frægur ráðgjafi, en ekki meira. Ekki eins frægur í sögum eins og Bismarck.